



Umsögn Tabú, feminískrar fötlunarahreyfingar um drög að tillögu til þingsályktunar um forvarnaáætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna, fyrir árin 2026-2030 (mál nr. S-10/2026).

Tabú, feminísk fötlunarahreyfing, hefur lesið yfir „Drög að tillögu til þingsályktunar um forvarnaáætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna, fyrir árin 2026-2030” og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Fötlun og margþætt mismunur

Tabú sérhæfir sig í því að vinna að fötlunarréttlæti og gegn margþættri mismunur. Það þýðir að við greinum stöðu fatlaðs fólks út frá fötlunarsjónarmiðum, en jafnframt öðrum þáttum eins og kyni, kynhneigð, uppruna, aldri o.s.frv. Þetta gerum við vegna þess að fatlað fólk er stór og fjölbreyttur hópur sem tilheyrir oft mörgum öðrum jaðarsettum hópum samtímis. Hefur það áhrif á valdastöðu þess í samfélaginu, tækifæri til þátttöku og hve útsett það er fyrir misrétti og ofbeldi. Tabú hefur einnig lagt ríka áherslu á að ofbeldi gagnvart fötluðu fólki á rætur í misskiptingu og kerfislægri mismunur gagnvart fötluðu fólki og öðrum jaðarsettum hópum. Mismunur er ekki einstaklingsbundinn vandi jaðarsettra hópa, heldur samfélagslega mótaður veruleiki sem byggir á valdakerfum, t.d. feðraveldi, rasisma og ableisma. Það er því skýr sýn okkar að mikilvægasta forvörn gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og ungmennum felist í réttlæti, inngildingu og jöfnum tækifærum allra í samfélaginu.

Í þessu ljósi skýtur það skökku við að stjórnvöld leggi fram þingsályktun um forvarnaáætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna, á sama tíma og byggð er brottfararstöð á Íslandi fyrir fólk í leit að vernd, meðal

annars börn, en sérfræðingar í barnaverndarmálum og málum barna hafa gagnrýnt að slíkt úrræði sé í líkingu við að fangelsa börn. Einnig leggja þau þessa tillögu fram á sama tíma og þau keppast um að tala niður mannréttindi fatlaðra barna og annarra jaðarsettra barna til inngildandi skyldubundins skólastarfs. Hvort tveggja hefur það í för með sér að fötluð börn á flótta og fötluð grunnskólabörn eigi nú að vera sett í aðstæður sem rannsóknir og sögulegar heimildir sýna að útsetji þau fyrir hverskyns ofbeldi. Tabú á erfitt með að taka alvarlega þingsályktun sem þessari þegar hún er í hrópandi mótsögn við orð og gjörðir sömu stjórnvalda.

Fötluð börn og birtingarmyndir ofbeldis

Í þingsályktuninni er lítið sem ekkert rætt um fötluð börn þrátt fyrir að í áraraðir hafi Tabú og önnur hagsmunasamtök fatlaðs fólks lagt þunga áherslu á nauðsyn þess að gera þurfi sérstaka grein fyrir þessum hópi í öllu forvarnastarfi af eftirfarandi ástæðum:

- Birtingarmyndir ofbeldis í lífi fatlaðra barna og ungmenna geta verið öðruvísi en hjá ófötluðum börnum,
- Tækifæri þeirra til að tjá sig um ofbeldi sem þau verða fyrir er oft skert þar sem ekki er boðið upp á viðeigandi aðlögun við tjáskipti,
- Gerendahópurinn er að hluta til annar og fjöldi þess hóps sem hefur aðgengi að líkama fatlaðra barna er mun umfangsmeiri en ófatlaðra.
- Forvarnir þessar beinast eingöngu að skóla- og frístundastarfi, sem og íþróttastarfi, en fötluð börn eru í umsjón fullorðinna, oft í einrúmi á mun fleiri stöðum, eins og í skammtímadvöl, hjá stuðningsfjölskyldum, í ferðapjónustu fatlaðs fólks, hjá ýmsum þjálfurum, læknum o.s.frv. Öll fræðsla og forvarnarvinna þarf að ná til breiðari hóps, fagfólks sem kemur að umönnun fatlaðra barna en einnig ófagmenntaðs starfsfólks.

Nýlögfestur samningur

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland hefur nýverið lögfest gerir skýra grein fyrir skyldum aðildaríkja við að verja fatlað fólk frá ofbeldi sem og hvaða

leiðir skulu farnar í að bregðast við ofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Hér eru dæmi um greinar samningsins sem stjórnvöld lögfestu og vilja mögulega nýta í sína forvarnaráætlun:

- Í formálsorðum samningsins stendur: „sem viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur eru oft í meiri hættu, innan heimilis sem utan, á að verða fyrir ofbeldi, skaða eða misþyrmingum, vanrækslu eða hirðuleysi, illri meðferð eða misnotkun í gróðaskyni,”
- Í 6. gr. segir: „Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur verða fyrir fjölþættri mismunun og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra.” „Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um.”
- Í 7. gr. segir: “Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll málefni er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefið tilhlýðilegt vægi í samræmi við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er viðeigandi tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.”
- Í 16. gr. segir: “Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að efla líkamlegan, vitsmunalegan og sálrænan bata, endurhæfingu og félagslega enduraðlögun fatlaðs fólks, sem verður þolendur misnotkunar í gróðaskyni, ofbeldis eða misþyrminga í einhverri mynd, meðal annars með því að bjóða fram þjónustu sem veitir vernd. Slíkur bati og enduraðlögun skulu fara fram í umhverfi sem stuðlar að bættri heilsu, velferð, sjálfsvirðingu, reisn og sjálfræði viðkomandi einstaklings, þar sem tillit skal tekið til kyn- og aldursbundinna þarfa.”

Aðkoma stjórnvalda og samráð við hagsmunaaðila

Tabú er undrandi á því að Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Heilbrigðisráðuneytið séu ekki með aðkomu að þessari þingsályktunartillögu. Hið fyrrnefnda ábyrgist stefnumótun og eftirlit með allri þjónustu við fötluð börn og hið síðarnefnda er nátengt forvarnarstarfi gegn ofbeldi enda mikið lýðheilsumál.

Þá veldur það okkur einnig vonbrigðum að ekkert markvisst samráð hefur verið átt við samtök jaðarsettra hópa og samtök sem berjast gegn ofbeldi. Það hlýtur að teljast undarlegt að stjórnvöld kalli ekki til helstu sérfræðinga í ofbeldismálum þegar þingsályktun sem þessi er búin til. Þá var ekki skýrt hvernig samráði við börn og ungmenni var háttað í ferlinu.

Að lokum

Í ljósi þess samráðsleysis sem hér hefur átt sér stað og þann stutta fyrirvara sem fékkst við að gera þessa umsögn mun Tabú ekki fara nákvæmlega í öll þau atriði sem við myndum vilja gera athugasemdir við. Með þessu skjali munum við þó senda afrit af umsögn fyrri forvarnaráætlunar, sem mikil vinna fór í, sem áréttingu um að þar gildir allt ennþá sem kemur fram og lítið hefur breyst í takt við þær tillögur. Það vekur upp spurningar um hvort umsögnum hagsmunahópa sé veitt nokkuð vægi við vinnslu og úrvinnslu sambærilegra skjala og hér ræðir um.

Hafi stjórnvöld raunverulegan áhuga á þekkingu fatlaðra kvenna og kvára við gerð á þessari þingsályktunartillögu lýsum við okkur reiðubúin til samstarfs. Þau atriði sem við vildum gjarnan ræða frekar snúa að eftirfarandi þáttum:

- Aðkomu háskólanemenda að þingsályktunartillögunni, en ungmenni eru í háskóla.
- Stuðningur við foreldra og forráðamenn þegar kemur að ofbeldi, ekki síst stafrænu.
- Úrræði fyrir gerendur, og hvernig sé betur hlúð að börnum sem gerendum, í forvarnaskyni.
- Mikilvægi aðgengis að fræðsluefni og þess hver býr það til.
- Mikilvægi birtingarmyndar fötlunar í fræðsluefni og þess hver flytur fræðslu og veitir ráðgjöf (það er óásættanlegt fyrir börn og ungmenni í jaðarsettri stöðu að fá eingöngu fræðslu og ráðgjöf frá fólki sem skilur ekki reynsluheim þess og er hærra í valdastiganum).
- Efasemdir okkar um samfélagslögreglu, á meðan hún endurspeglar ekki samfélagið í raun, og vegna þess gagnrýnislausu ofbeldis sem íslenska lögreglan hefur tekið þátt í gagnvart fólki á flótta, þar með töldum börnum, fötluðu fólki og hinsegin fólki.

1. febrúar 2026

Við ítrekum að mikilvægasta leiðin til þess að koma í veg fyrir ofbeldi gegn fötluðum börnum og ungmennum er að þau og fjölskyldur þeirra fái viðeigandi stuðning innan og utan heimilis. Auk þess er mikilvægt að fötluð börn fái að stunda nám við hverfisskóla sína, að skólarnir mæti fötluðum börnum þar sem þau eru og að raunverulegt tillit sé tekið af þeim sem sinna útlendingamálum að fötlun er mismununarbreyta sem eykur líkur á hvers kyns ofbeldi þegar það er á flóttu og í leit að vernd.

Fyrir hönd vinnuhóps Tabú, feminískrar fötlunarhreyfingar,

Freyja Haraldsdóttir, talskona Tabú

Jana Birta Björnsdóttir, verkefnastýra Tabú